

Fundargerð 342. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands 18. nóvember 2011

Árið 2011, föstudaginn 18. nóvember kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Guðný Sverrisdóttir, Ólafur Örn Ólafsson, Skúli Þórðarson, Steinþór Pétursson og Guðmundur Kristjánsson í forföllum Más Sveinbjörnssonar.

Að auki sat fundinn Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 341. fundar - 1101001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 341. fundar frá 7. október 2011.

Fundargerðin staðfest og undirrituð.

2. Umhverfisstefna hafna - 1110002HA

Lagðar fram fundargerðir umhverfis- og öryggisnefndar hafnasambandsins frá 13. og 31. október ásamt fylgiskjölum. Á fundinn kom Hörður Blöndal, formaður umhverfis- og öryggisnefndar hafnasambandsins, og gerði grein fyrir starfi nefndarinnar og gögnum sem unnin hafa verið á vegum nefndarinnar um umhverfisstefnu hafna, sbr. 3. tölulið fundargerðar 341. fundar stjórnar hafnasambandsins. Þá ræddi formaður umhverfis- og öryggisnefndar einnig um viðræður nefndarmanna við fulltrúa Umhverfisstofnunar um breytingar á reglugerð um móttöku á úrgangi frá skipum nr. 792/2004 og breytingar á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004. Eftirfandi samþykktir gerðar samhljóða:

A. *Stjórn Hafnasambands Íslands hvetur aðildarhafnirnar til að setja sér markmið í umhverfismálum og að samþykkja umhverfisstefnu sem byggja má á þeim drögum sem umhverfis- og öryggisnefnd hafnasambandsins hefur unnið. Formanni hafnasambandsins var falið að hvetja stjórnir aðildarhafnanna til að vinna að framgangi þessara mála og koma á framfæri við þær framangreindri fyrirmynd að umhverfisstefnu hafna.*

B. *Stjórn Hafnasambands Íslands gerir ekki athugasemdir við drög að frumvarpi til breytinga á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, sem lögð voru fram á fundinum. Stjórnin leggur aftur á móti áherslu á að reglugerð um móttöku á sorpi frá skipum verði breytt á þann hátt, að skipstjóri skips beri ábyrgð á því að sorpi frá skipi sé komið til förgunar hjá viðurkenndum sorpmóttökuaðila, en óski eigandi skips eða skipstjóri eftir því að höfn taki á móti sorpi frá skipi skuli sú þjónusta veitt gegn greiðslu kostnaðar við móttöku og förgun. Formanni hafnasambandsins var falið að koma framangreindri afstöðu stjórnarinnar á framfæri við umhverfisráðuneytið.*

3. Endurskoðun hafnalaga - 1003004HA

Gísli Gíslason og Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, fulltrúar hafnasambandsins í nefnd sem vinnur að endurskoðun hafnalaga, gerðu grein fyrir starfi nefndarinnar og lögðu fram frumdrög að frumvarpi um breytingar á hafnalögum sem trúnaðarskjal.

Stjórn Hafnasambands Íslands felur fulltrúum sínum í nefnd um endurskoðun hafnalaga að koma á framfæri sjónarmiðum stjórnarinnar sem fram komu í umræðum á fundinum.

4. Fundargerð fjárhagsnefndar - 1011001HA

Lögð fram fundargerð fjárhagsnefndar hafnasambandsins frá 24. október 2011.

Samþykkt var að fresta umræðu um niðurstöður fjárhagsnefndar til næsta fundar.

5. Menntunarmál hafnastarfsmanna - 1110001HA

Lagðar fram niðurstöður könnunar um fjölda hafnastarfsmanna og hugmyndir um námskeiðahald.

Samþykkt að senda niðurstöður framangreindrar könnunar til aðildarhafnanna og kalla eftir frekari sjónarmiðum þeirra til námskeiðahalds á vegum hafnasambandsins.

6. Landsskipulagsstefna 2012-2024 - 1111001HA

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 25. október 2011, þar sem kynnt er vinna við tillögu að landsskipulagsstefnu frá 2012-2024 og hafnasambandinu boðið að tilnefna fulltrúa á samráðsvettvang um gerð landsskipulagsstefnu.

Samþykkt var að tilnefna Vigni Albertsson, skipulagsfulltrúa hjá Faxaflóahöfnun, sem fulltrúa hafnasambandsins á samráðsvettvangi um landsskipulagsstefnu.

7. Stækkun Þorlákshafnar - þingsályktunartillaga - 1111002HA

Lagt fram bréf umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 15. nóvember 2011, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að könnun og stækkun Þorlákshafnar, 95. mál - þskj. 95.

Stjórn Hafnasambands Íslands tekur ekki afstöðu til þingsályktunartillögunnar.

Ólafur Örn Ólafsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

8. Stytting þjóðveggar 1 - þingsályktunartillaga - 1111003HA

Lagt fram bréf umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 15. nóvember 2011, þar sem óskað er umsagnar um þingsályktunartillögu um styttingu þjóðveggarins milli höfuðborgarsvæðisins og Norðausturlands, 36. mál - þskj. 36.

Stjórn Hafnasambands Íslands tekur ekki afstöðu til þingsályktunartillögunnar.

9. Vefur hafnasambandsins - 1110005HA

Á fundinn kom Ingibjörg Hinriksdóttir, tækni- og upplýsingafulltrúi sambandsins, og opnaði nýjan og endurbættan vef hafnasambandsins, www.hafnasamband.is.

Fundi var slitið kl. 13:40.

Gísli Gíslason

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir

Guðný Sverrisdóttir

Ólafur Örn Ólafsson

Skúli Þórðarson

Steinþór Pétursson

Guðmundur Kristjánsson

ritari